

Efnisyfirlit

Tímamót.....	1
Lögfræðingar í landaleit – Örn og Georg flytja í sveitina	1
Betra væri ef við værum fleiri – Golfklúbburinn Kjölur stofnaður	2
Meðan við bíðum – Leirvogstunga, Korpuvöllur og Nesvöllur	2
Framtíðarland er fundið – Hlíðavöllur við Leirvog	3
Golfvallararkitektinn frá Akranesi – Hannes Þorsteinsson.....	3
Með haka og skóflu byggjum við golfvöll – Georg H. Tryggvason.....	4
Ýtan sem öllu breytti – Páll Ólafsson í Brautarholti.....	5
Völlurinn mótaður úti í náttúrunni - Georg og Steinar ýtustjóri.....	5
Þúsundir fermetra af þökum – Guðjón Bjarnason í Seljabrekku	5
Og sá þurfti í rest – Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri	6
Perluhvammur verður golfskáli – Gunnar Scheving Thorsteinsson	6
Að breyta bústað í golfskála – Jóhann Edvin Weihe Stefánsson.....	7
Kveikjum ljós – Sigurþór Hjartarson og Landsvirkjun.....	8
Þetta slær sig ekki sjálf – Þorsteinn Ragnarsson.....	8
Það kostar að byggja golfvöll – hægri hendi Arnar Höskuldssonar	9
Lokafrágangur og trjárækt – klúbbfélagar og fjölskyldurnar	9
Í sumar eru 40 ár frá vígslumóti Hlíðavallar.....	10

Tímamót

Í sumar eru liðin 40 ár frá því fyrst var keppt í golfi á Hlíðavelli. Vígslumót vallarins var haldið 28. júní 1986 og vígsluhófið viku síðar.

Nú fjórum áratugum síðar er meistaramót Golfklúbbs Mosfellsbæjar haldið á nær sömu dögum. Af því tilefni er við hæfi að rifja upp sögu vallarins og þeirra fjölmörgu einstaklinga sem komu að uppbyggingu hans.

Lögfræðingar í landaleit – Örn og Georg flytja í sveitina

Sagan af Hlíðavelli hefst með tveimur lögfræðingum sem fluttu í Mosfellssveit seint á áttunda áratugnum. Þetta voru Örn Höskuldsson og Georg H. Tryggvason, sem síðar urðu heiðursfélagar Golfklúbbs Mosfellsbæjar og fengu félagsnúmerin 1 og 2.

Þeir höfðu verið skólafélagar í Menntaskólanum á Akureyri og síðar samnemendur í lagadeild Háskóla Íslands. Leiðir þeirra lágu þó í sitt hvora áttina eftir útskrift. Örn hóf störf hjá Ólafi Þorvaldssyni sakadómara í Reykjavík sem kynnti hann fyrir golfíþróttinni á Nesvellinum. Þar féll hann kylliflatur fyrir leiknum og mætti eftir það reglulega á völinn, stundum með dóttur sína Völu í barnavagni.

Georg flutti til Vestmannaeyja þar sem hann tók við starfi bæjarlögmanns og fjármálastjóra bæjarins. Hann þekkti fáa í bænum en Magnús H. Magnússon bæjarstjóri gaf honum þessi ráð:

„Gakktu í golfklúbbinn. Þá kynnistu skemmtilegu og áhugaverðu fólki.“

Ráðið reyndist gott. Georg gekk í golfklúbbinn og varð fljótt virkur í starfi hans.

Eldgosið í Heimaey árið 1973 átti síðar eftir að tengja þessa sögu við Mosfellssveit, en vegna gossins fluttu margir Eyjamenn í Mosfellssveit. Árið 1978 settist Georg þar að ásamt fjölskyldu sinni og um svipað leyti flutti Örn í sveitina. Endurfundir þeirra félaga urðu í Arnartanganum og fljótlega kom í ljós að þeir deildu áhuga á golfi.

Þeir hófu að leita að landi undir golfvöll og skoðuðu meðal annars Ullarnesbrekkurnar, Mógilsá og svæði inni í Mosfellsdal. En árangurinn varð lítill. Það virkaði einfaldlega ekki nógu vel að tveir lögfræðingar stæðu einir að baki hugmyndinni.

Það vantaði fleiri raddir.

Betra væri ef við værum fleiri – Golfklúbburinn Kjölur stofnaður

Örn og Georg fóru að ræða golfáhuga sinn við fleiri sveitunga og í ljós kom að víða leyndist áhugi. Þannig fór að eftirtaldir aðilar boðuðu til stofnfundar golfklúbbs:

Örn Höskuldsson Arnartanga 27, Georg H. Tryggvason Arnartanga 32, Gísli Halldórsson Arnartanga 43, Sigrún Ragnarsdóttir Arnartanga 43, Einar V. Tryggvason Miðdal og Hilmar Sigurðsson Ásholti 3.

Til fundarins var boðað með dreifibréfi sem var dreift í 250 hús og auglýst var á íþróttasíðum allra dagblaða. Stofnfundurinn var haldinn 7. desember 1980, á veitingastaðnum Áningu við Vesturlandsveg. Til gamans má geta að Áning var í sama húsnæði og í dag hýsir Hlín Blómahús, húsnæðið er að mestu óbreytt en Vesturlandsvegur hefur verið færður til suðurs.

Á stofnfundinn mættu nokkrir tugir sveitunga og ljóst var að hugmyndin hafði hljómgrunn. Þarna var Golfklúbburinn Kjölur formlega stofnaður og fyrsta stjórn kosin. Á fundinum skráðu 51 einstaklingur sig sem stofnfélaga og á næstu dögum bættust við 44 nöfn. Alls voru því 95 manns skráðir í klúbbinn.

„En það heltust margir úr lestinni þegar þeim varð ljóst að næstu árin yrði golf spilað með haka og skóflu, en ekki púttar og dræver. Eftir stóð þó harðsnúinn kjarni sem ætlaði sér að koma hugmyndinni í framkvæmd“.

Meðan við bíðum – Leirvogstunga, Korpuvöllur og Nesvöllur

Strax varð ljóst að lítil sem engin fjölgun yrði í hópi borgandi félagsmanna ef hvergi væri hægt að spila golf. Þótt enginn væri völlurinn þurftu allir að greiða félagsgjöldin, þótt fyrir þau fengirðu fyrst og fremst að moka mold. Því var farið í að leita að bráðabirgðaaðstöðu fyrir golfiðkun.

Sumarið 1981 gerði klúbburinn samkomulag við **Guðmund Magnússon** um afnot af landi hans í Leirvogstungu. Og auki fengust afnot af klúbbhúsnæði Kiwanis. Þótt skurðirnir sem skáru túnin þvert og endilangt hafi verið áskorun og öll aðstaða verið heldur frumstæð, voru klúbbfélagar kátir með að hafa bæði aðstöðu til golfiðkunar og aðgang að golfskála. Næst var gerður samningur við **Golfklúbb Reykjavíkur** um afnot af Korpúlfsstaðavelli, en það var þó gegn því að félagar Kjalar önnuðust slátt vallarins. Á Golfþingi í Borgarnesi árið 1984 áttu Kjalarmenn samtalið við formann Nesklúbbsins, **Sigurð Runólfsson**. Honum þóttu GR-ingar harðir og bauð meðlimum Kjalar afnot af Nesvellinum skilmálalaust, og að auki ákveðna tíma fyrir mót. Þarna hófst frábært og áralangt samstarf og vinátta við Nesklúbbinn.

Framtíðarland er fundið – Hlíðavöllur við Leirvog

Áfram var leitað að framtíðarlandi og fljótlega beindist áhuginn að bökkum Leirvogs. Þar yrði völlurinn svo nálægt byggð að börn og unglingar gætu gengið eða hjólað á hann. Svo var staðsetningin í takt við þá stefnu nærliggjandi sveitarfélaga að vernda náttúru strandlengjunnar og nýta hana til útivistar.

Í byrjun tók hreppsnefnd fálega í hugmyndina, en það var svo loks **Bjarni S. Jónsson** sveitarstjóri sem var tilbúinn að hefja samtalið. Í maí 1983 gerði Mosfellshreppur samkomulag við Golfklúbbinn Kjöl um leigu á landspildu sem lá frá landamerkjum Blikastaða og meðfram fjöruborði Leirvogs. Landið var leigt til gerðar og starfsrækslu golfvallar sem síðar fékk nafnið Hlíðavöllur.

Á þessum tíma var verið að vinna fyrsta aðalskipulag fyrir Mosfellshrepp, þar sem talsverð áhersla var lögð á opin svæði og útivist. Það var því í fullu samræmi við þá stefnu að festa tilvist og stöðu vallarins lögformlega í nýju aðalskipulagi hreppsins.

Með undirritun samningsins breyttist hugmynd í verkefni. Nú var komið land, afmarkað svæði og heimild til að hefja framkvæmdir. Umræðurnar snerust ekki lengur um hvort völlur yrði byggður heldur hvernig.

Golfvallararkitektinn frá Akranesi – Hannes Þorsteinsson

Golfvöllinn teiknaði **Hannes Þorsteinsson** golfvallararkitekt frá Akranesi. Hannes var fyrsti golfvallararkitekt landsins, afbragðs golfari og hefur teiknað fjölmarga golfvelli víða um land. Hann lærði bæði líffræði og jarðfræði í Háskóla, en tók síðar golfvallararkitektúr í Bretlandi.

Hlíðavöllur var aðeins þriðji völlurinn sem Hannes teiknaði hér á landi, en í kjölfarið fór allt á fullt hjá honum og hann hefur hann teiknað fjölmarga velli. Hannes reyndi almennt varðveita það landslag sem var til staðar og þannig hefur hann teiknað velli inn í hraun, mela og annað náttúrulegt landslag. Við Leirvog beið hans hins vegar allt annars konar verkefni. Þar var ekkert landslag að varðveita. Svæðið var sundurtætt eftir áratuga malartöku og víða stóð sandfok upp úr gryfjum.

Hlíðavöllur þurfti ekki aðeins að verða golfvöllur.

Hann þurfti fyrst að verða land.

Mosfellsbær var í mikilli uppbyggingu á þessum tíma og víða risu heilu hverfin. Grúsina úr grunnum húsa var unnt að nýta til gatnagerðar en moldin var flutt niður á Hlíðavöll. Byggingarverktakar voru fegnir því að geta losað sig við moldina þarna í nærumhverfinu, þar sem hún að auki nýttist við uppgræðslu á landi.

Hannes gerði ráð fyrir trjám og runnum til að skapa útlit og veita skjól, en magn og staðsetning mátti aldrei vera á kostnað öryggis.

„Golfspilarinn má ekki vera blindur inni í skógi, hann þarf að sjá þann sem er inni í höggsviðinu – bæði aðra spilara og almenning“.

Á því landsvæði sem Hannes fékk til hönnunar var eitt ræktað tún, svokallað Rússland. Hannesi fannst það leiðinlegasti hlutinn að vinna með, enda var þetta slétt og ómótað landsbúnaðarland. Ekkert landslag heldur bara straujuð grasflöt.

Það er svo merkilegt að þótt golf sé spilað á grasi þá er samt leitast við að hafa sem minnst gras. Hæfilega mikið fyrir skemmtilegar og krefjandi brautir, en ekki svo mikið að sláttur og viðhald túna verði íþyngjandi fyrir rekstur klúbbsins.

Með haka og skóflu byggjum við golfvöll – Georg H. Tryggvason

Hlíðavöllur var að stærstum hluta byggður upp af sjálfboðaliðum. Eins og hefð er fyrir í starfi sjálfboðaliða voru hjá klúbbnum stofnaðar nefndir til að sinna mikilvægum verkefnum. Og gjarnan voru þeir sem líklegastir þóttu til að leiða verkefnin til lykta gerðir að formönnum nefndanna.

Ein mikilvægasta nefndin á þessum tíma var **vallarnefnd**, sem fékk það hlutverk að stýra uppbyggingu golfvallarins.

„Þegar til stóð að velja formann vallarnefndar var ekki feitan gölt að flá þar. Ég hafði þó tekið þátt í að endurbyggja eina golfflöt í Eyjum eftir gos og í mér var því uppsöfnuð öll samanlögð þekking félagsmanna á golfvallargerð“.

Sagði Georg H. Tryggvason sem var kjörinn formaður vallarnefndar.

Fljótlega eftir undirritun samningsins um Hlíðavöll boðaði Georg til skoðunarferðar og vinnufundar á hinu verðandi golfvallarlandi. Þangað mætti hann ásamt fimmtán manna hópi klúbbfélaga, með teikningu Hannesar í vasanum og hjólbörur og verkfæri sem fengin voru að láni úr áhaldahúsinu.

Georg viðurkenndi síðar að sjaldan hafi hann verið nær því að fallast hendur eins og þegar hópurinn mætti þarna og horfði yfir sviðið. Verkefnin voru himinhrópandi og við blasti þvílíkt ógnarverk var fyrir höndum.

„Upp í hugann kom hending úr Skagafjarðarbraginum, sem þjóðskáldið séra Matthías orti, er hann leit yfir fjörðinn, líklega af kleifunum ofan við Sauðárkrók: “Hvar skal byrja? Hvar skal standa?”“

Hjá hópnum sem þarna var mættur var verkkunnáttan lítil og efnin voru nánast engin. En frekar en að gera ekkert var byrjað að grjóthreinsa það svæði sem seinna varð gamla 5. flötin. Okkur reiknast til að þetta sé núverandi 3. flöt.

Og þar með var boltinn farinn að rúlla.



Ýtan sem öllu breytti – Páll Ólafsson í Brautarholti

Páll Ólafsson í Brautarholti var rótarýfélagi þeirra Arnar og Georgs og ugglaut fremstur í flokki þeirra velgjörðarmanna sem voru hvorki í klúbbum né spiluðu golf. Á Rótarýfundum fékk hann reglulega frásögn af framgangi vallargerðarinnar. Sá hann í hendi sér, sem gamall ræktunarmaður, að þótt hakinn og skóflan séu góð til síns brúks þá duga þau skammt ef byggja skal heilan golfvöll.

Páll átti og rak graskögglaferksmiðju í Brautarholti og átti alls konar jarðræktartæki, m.a. til að tæta upp og rækta tún. Hann var óspar að lána sitt hvað sem félagsmenn vanhagaði. Hann var að auki í stjórn Búnaðarfélags Kjalarneshrepps sem var öflugt samband og ágætlega búið tækjum. Þar á meðal var meðalstór **jarðýta**. Páll hafði frumkvæði að því að bjóða afnot af henni, þegar önnur verkefni kölluðu ekki að, og skyldi ýtustjórinn Steinar fylgja með. Um þóknunina skyldi samið við tækifæri. Þetta var himnasending, því um sumarið var rólegt að gera hjá búnaðarfélaginu. Nutu Kjalarmenn þess ríkulega því segja má að ýtan hafi verið þeirra þetta sumar.

Völlurinn mótaður úti í náttúrunni - Georg og Steinar ýtustjóri

Ýtustjórinn Steinar var mikill happafengur. Þetta sumar hittust hann og Georg daglega að loknum vinnudegi, ræddu árangur liðins dags og skipulögðu þann næsta. Það brást ekki að þegar þeir hittust hafi Steinar þegar lokið verkefnum dagsins, og gjarnan gert meira en um hafði verið rætt. Það líkaði Georg vel.

Georg og Steinar gengu gjarnan um svæðið langt inn í kvöldin og ræddu útfærslur. Þeir höfðu ekkert annað að vinna með en grunnplan Hannesar og þar sem í því var ekkert málsett var mikið unnið með myndrænar mælieiningar:

„Hækkum teiginn mannhæð upp og færum flötina nokkra metra til hægri“.

Þannig var ýtan notuð í að ýta upp teigum og flötum og móta umhverfið í kring. Ekki var mikið verið að eiga við hallann á brautunum en verstu hólar og pyttir voru þó lagaðir. Hið náttúrulega landslag sem námurnar skyldu eftir fékk því að miklu leyti að halda sér, en var mótað eins og best var að grunnplani Hannesar.

Segja má að Georg og Steinar hafi hannað landslag Hlíðavallar saman, þarna úti í náttúrunni, og um haustið var landslagið fullmótað.

Þúsundir fermetra af þökum – Guðjón Bjarnason í Seljabrekku

Að móta landslag er eitt en að rækta upp land er annað. Að skaffa þökur á golfvöllinn var mikill höfuðverkur, en þökuleggja þurfti teiga og flatir og víða næsta umhverfi þeirra líka. Þetta voru þúsundir fermetra sem hefðu kostað að markaðsvirði langt umfram greiðslugetu klúbbsins.

Af því landi sem klúbburinn hafði leigt af bænum var aðeins eitt ræktað tún, Rússlandið. Túnið lá milli gilsins og landamerkjanna að Blikastöðum, neðan við Hrossaskjólasklettana. Þetta var nokkuð stórt tún, var sagt einstaklega grasgefið og í góðri hirðu. Um tún hafði Hannes teiknað brautir 1 og 9, en talsvert pláss var milli brautanna og meðfram þeim sem unnt yrði að nýta til þökugerðar. En það yrði seint gert með handafli klúbbfélaga.

Kemur þá til sögunnar velgjörðarmaðurinn **Guðjón Bjarnason**, sem bjó í Seljabrekku skammt fyrir ofan hús skáldsins að Gljúfrasteini. Hann hafði það fyrir aukabúgrein að skera þökur og selja og átti allgóða þökuskurðarvél. Guðjón lánaði klúbbnum vélina og bauð að auki tilsögn í notkun hennar. Vélin var á ferðinni á milli golfvallarins og Seljabrekku allt sumarið. Á túninu Rússlandi var merkt fyrir brautum 1 og 9, en skorið ofan af öllu öðru. Og þannig fór að ekki þurfti að greiða krónu fyrir þökukaup.

Að rífa upp þökurnar með göfflum og fleygja uppá vagn var mikil erfiðisvinna og voru bestu bökin spöruð fyrir þá vinnu. Klúbbfélagar lögðu síðan þökurnar og var það líka mikil vinna. Einhver utanaðkomandi aðstoð fékkst og eitt haustið mættu félagar í Rótarýklúbbnum og þökulögðu 2. flötina. Dagsbirtu þraut, áður en verkinu lauk, og var þá bílum Rótarýmanna raðar kringum flötina og háu ljósinn kveikt.

Þannig tókst að ljúka verkinu.

Og sá þurfti í rest – Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri

Sá þurfti í það svæði sem ekki var þökulagt, en þurfti engu að síður að græða upp. Viðbúið var að því fylgdi umtalsverður kostnaður enda stórt landsvæði sem þurfti að græða upp. Kemur þá til sögunnar **Sveinn Runólfsson** landgræðslustjóri. Það fréttist að hann hafi verið golfklúbbnum á Hvolsvelli og Hellu innan handar með áburð og fræ. Sveinn tók því blíðlega þegar hann var beðinn um aðstoð. Hann hafði þá skoðun að landgræðsla skyldi ekki takmarkast við uppblástur á öræfum, heldur ætti hún líka fullt erindi við þéttbýlið þar sem fleiri nytu hennar.

Formaður vallarnefndar var afar þakklátur fyrir hans framlag:

„Sveinn sendi allt það fræ sem þurfti og áburðarslatta í nokkur ár“.

Perluhvammur verður golfskáli – Gunnar Scheving Thorsteinsson

Þegar farið var að huga að golfskála fyrir klúbbinn bárust fréttir af bústaðnum Perluhvammi sem stóð á jörðinni Fitjakot á norðanverðum bökkum Leirvogsár. Bústaðurinn hafði lengi staðið ónotaður og var í hálfgerðri niðurníðslu. Haft var samband við eigandann **Gunnar Scheving Thorsteinsson**, verkfræðing, sem í samráði við fjölskyldu sína ákvað að gefa klúbbnum húsið.

Perluhvammur var því fluttur frá Leirvogi að Hlíðavelli. **Sigurður Siegfriedsson** sem síðar varð fyrstu starfsmaður vallarins lék lykilhlutverk við flutninginn. Grafið var úr sökkli hússins, staurum komið fyrir undir því langsum og þversum, og húsið híft upp á flutningabíl. Það hlupu margir sveitungar út með myndavél þegar bílnum var ekið gegnum sveitina í fylgd lögreglu með blikkandi ljós. Ferðalagið endaði við Hlíðavöll og þar hósti bústaðurinn starfsemi klúbbsins næstu 30 árin.

Með Perluhvammi eignaðist klúbburinn í fyrsta sinn fastan samastað. Þar var hægt að halda fundi, fá sér kaffi eftir vinnukvöld og taka á móti gestum. Húsið var því meira en golfskáli; það varð félagslegt hjarta klúbbsins.

Að breyta bústað í golfskála – Jóhann Edvin Weihe Stefánsson

Vinnan við að byggja upp klúbbhúsið var mest í höndum félaga og fjölskyldna þeirra. Þá kom sér vel að hafa með í för smiðinn **Jóhann Edvin Weihe Stefánsson (Edda)**, enn einn Vestmannaeyinginn, sem var snarlega kjörinn formaður skálanefndar.

Hann stýrði uppbyggingu á húsakosti klúbbsins og mætti þarna næstum á hverjum degi eftir vinnu eða golfhring.

Burðarvirkið í Perluhvammi var gott, enginn fúi og því upplagt að nýta húsið sem grind. Það þurfti samt að setja í það nýtt gólf og endurnýja alla vegg. En það þurfti ekki að teikna húsið upp á nýtt, sem sparaði tíma og peninga. Mikil vinna fór í að gera gólfið múshelt og nýttust í það verk notaðar offsettplötur frá **Morgunblaðinu**. Þær fengust gefins og voru negldar undir gólfið.

Mogginn reyndist ágætlega músheldur meðan skálinn stóð þarna.

Seinna bættist við **vinnuskúr** sem skeytt var við skálann til norðurs og stækkaði veitingasalinn. Um var að ræða gám sem kom frá **Byggingarsamvinnufélagi atvinnubifreiðastjóra (BSAB)** og hafði lengi verið notaður sem kaffiskúr fyrir framan fremstu blokkina í Hlíðarfæti (Dalvegi) meðan uppbygging stóð þar yfir. Síðar var kvartað yfir honum og þá fékk Kjölur hann gefins. Það var **Gylfi Thorlacius**, kollegi Arnar og lögmaður fyrir BSAB sem kom þessu til leiðar.

Innbúið í golfskálann var gamalt dót sem fékkst héðan og þaðan og má segja að klúbburinn hafi verið áskrifandi að öllu slíku dóti sem til féll. Eldhúsborðið kom t.d. frá **Margréti Guðmundsdóttur**, eiginkonu Arnar. Hún fann borðið í geymslu hjá sér og bauð það til afnota í skálann. Það kom síðar í ljós að hún átti alls ekki borðið, heldur mágkona hennar. Árum síðar ætlaði mágkonan að rukka Möggu um borðið, því hún hafði alls ekki gefið það heldur beðið Möggu að geyma það. En borðið var þá farið í skálann og þaðan sneri það ekki aftur.

Kveikjum ljós – Sigurpór Hjartarson og Landsvirkjun

Ekki er hægt að skilja svo við þá, sem reyndust klúbbum best, án þess að nefna **Landsvirkjun**. Þegar fór að sjá fyrir endann á byggingu golfskálans var farið að huga að tengingum fyrir hann. Mosfellsbær skaffaði heitt og kalt vatn og tengingu við holræsi, og gekk sú framkvæmd eins og í sögu. En þegar kom að rafmagninu vandaðist málið.

Skálinn var staðsettur á umráðasvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og þar var enga miskunn að fá. Skálinn stóð langt utan heimtaugafjarlægðar, sem þýddi að allur kostnaður við heimtaugina skyldi falla á klúbbinn. Hann var ekki lítill og langt umfram greiðslugetu klúbbsins.

„Þessir herrar hlustuðu ekki á neitt kvabb og það var stál í stál. En einhvers staðar segir að þegar neyðin er stærst sé hjálpin næst“.

Maður hét **Sigurpór Hjartarson**, golfari og Rótarýmaður, og orkudreifingarstjóri hjá Landsvirkjun. Rólyndur en þótti fastur fyrir. Hann mun hafa rætt málið við sína yfirmenn. Ekki þekkist til þeirra viðræðna en svo mikið er víst að Landsvirkjun féllst á að fara þarna í hlutverk rafveitunnar og leggja loftlínu frá næsta tengiboxi að golfskalanum. Þetta var svo sannarlega óvænt því alla jafna fæst Landsvirkjun við stórvirkjanir uppi á hálendi og þar talar fólk saman í milljörðum. Það sem meira var. Línan yrði lánuð golfklúbbum án endurgjalds en tekin niður og fjarlægð þegar byggðin væri komin svo nálægt að skálinn væri innan heimtaugarfjarlægðar.

Þannig gekk þetta fyrir sig og án þess að það sé vitað með vissu, leikur grunur á að þetta samkomulag hafi verið einsdæmi.

Þetta slær sig ekki sjálft – Þorsteinn Ragnarsson

Ef Georg var maðurinn sem byggði völlinn þá var **Þorsteinn Ragnarsson (Steini)** maðurinn sem hélt honum gangandi. Hann var skipaður formaður áhaldanefndar og sá um allar vélar og áhöld klúbbsins. Bílskúrin hans að Arnartanga 6 varð einskonar áhaldahús klúbbsins. Framtakið var eiginkonu hans víst til lítillar gleði og þótti sæta furðu að hún hlypi ekki á brott. Steini var rannsóknarlögreglumaður og frábær tækjamaður. Laginn að gera við og útsjónasamur að útvega varahluti í þetta gamla dót, sem allt var komið á tíma.

Fyrsta sláttuvél klúbbsins var sjálfkeyrandi traktor af gerðinni **Jakobsen**, keyptur af Reykjavíkurborg í gegnum **Hjörleif Kvaran**. Hann var finn á grín og teiga, en réð illa við brautirnar.

Næst var keyptur **Deutz** traktor, af fyrrum bónda á Kjalarnesi. Hann var svo gamall að enginn vissi aldur hans með vissu, en eftir góða yfirhalningu frá Steina sló hann varla feilpúst.

Þá komu **valsarnir** þrír frá Eyjum. Þeir höfðu verið notaðir á golfvöllinum í Eyjum fram að gosi, en grafist undir ösku í gosinu og legið þar umhirðulausir árum saman. Eyjamenn keyptu nýjar vélar fyrir bætturnar sem þeir fengu eftir gosið og lögðu gömlu valsana til hliðar. Þar til einhverjum hugkvæmdist að færa Kili þá að gjöf. Það var svo Steini sem vann við að koma þeim í stand og dugðu þeir í allmörg ár. Þeir voru þó alltaf viðhaldsfrekir.

Síðar fékkst enn einn skúrinn gefins og hann bæði geymdi boltavél og varð **áhaldahús** klúbbsins. Hann tók þá við af bílskúrnum hans Steina sem áhaldahús klúbbsins og þjónaði jafnframt sem kaffistofa fyrir starfsmenn vallarins.

Það kostar að byggja golfvöll – hægri hendi Arnar Höskuldssonar

Örn Höskuldsson (Össi) formaður varð frægur fyrir afgreiðslu sína á reikningum klúbbsins. Það kom í ljós að hann var þeim fágæta hæfileika gæddur að fá reikninga frá efnissölum og verktökum lækkaða verulega eða fellda niður með öllu. Sem var afar dýrmætt á uppbyggingartímanum þegar lítið var milli handa.

Hann tók rukkum með miklum kærleikum og rétti þeim höndina eða jafnvel faðminn. Hann haldi þeim og blessaði fyrir greiðasemina og þakkaði með fögrum orðum fyrir stuðninginn. Margur feitur reikningurinn krumpaðist aftur ofan í rassvasann á harðskeyttustu rukkum.

Ef hins vegar nauðsynlegt var að greiða var það alltaf gert. Þannig að þótt ekki væru efnin mikil voru fjármál klúbbsins alltaf á hreinu: Það var prinsippmál.

Um tíma var rætt um að gera gífsafsteypu af hægri hendi Össa og setja upp á viðeigandi stað í golfskálanum. Af því hefur þó ekki orðið enn.

Lokafrágangur og trjárækt – klúbbfélagar og fjölskyldurnar

Að endingu voru það klúbbfélagar sjálfir, fjölskyldur þeirra og vinir sem gerðu drauminn að veruleika. Og það er þeim að þakka að sumarið 1986 var byrjað að spila golf á Hlíðavelli.

Það voru ekki bara félagsmenn sjálfir sem lögðu hönd á plóginn heldur voru börn þeirra og vinir kölluð út á völl til að þökuleggja og gróðursetja. Þetta var áður en golf var vinsælt meðal barna og unglunga og flest hefðu blessuð börnin heldur viljað sofa út eða spila fótbolta. Sú sem þetta ritar og systur hennar eru meðal þeirra sem tóku þátt í þessari vinnu, og þær eiga margar minningar af þökuburði og trjárækt. Og það mörgum áratugum áður en þær fóru sjálfar að spila golf.

Bróðir þeirra kom miklu síðar til sögunnar og má segja að hann hafi alist upp á golfvöllinum. En ekki við þökulögn heldur golfiðkun.

Í sumar eru 40 ár frá vígslumóti Hlíðavallar

Þegar meistaramót Golfklúbbs Mosfellsbæjar hefst sumarið 2026 verða liðin nákvæmlega 40 ár frá því fyrstu kylfingarnir léku Hlíðavöll í vígslumóti vallarins.

Vígslumót vallarins var haldið laugardaginn 28. júní 1986 og viku síðar var vígsluhóf haldið í golfskála klúbbsins. Meðlimum Nesklúbbsins voru heiðursgestir á þessu móti enda höfðu þeir reynst Kjalarmönnum afar vel.

Á þeim fjórum áratugum sem liðnir eru hafa þúsundir kylfinga stigið sín fyrstu skref á Hlíðavelli, keppt þar í meistaramótum og átt þar ótal stundir með vinum og fjölskyldu.

Þeir sem ganga brautirnar í dag sjá gróinn og rótgróinn golfvöll. Færri vita eða muna að á sínum tíma var hér malarnáma, sandfok og lítið annað en hugmynd, sjálfboðavinna og bjartsýni. Hlíðavöllur stendur nú sem minnisvarði um það sem hægt er að skapa þegar fólk sameinast um verkefni.

Í hvert sinn sem verkefnið virtist stranda birtist einhver með útrétta hönd. Sumir lögðu fram vinnu sína í sjálfboðavinnu. Aðrir lánuðu tæki, gáfu efni eða miðluðu þekkingu. Margir opnuðu dyr sem annars hefðu verið lokaðar. Saman breyttu þeir malarnámu við Leirvog í golfvöll.

Þannig varð Hlíðavöllur til.



Þessa frásögn skrásetti Brynhildur Georgsdóttir, dóttir Georgs H. Tryggvasonar. Vinnan hófst haustið 2025 þegar Brynhildur og Georg fóru saman yfir sögu uppbyggingar Hlíðavallar. Georg sagði frá og rifjaði upp atburði, fólk og heimildir en Brynhildur skrásetti frásögnina. Eftir að Georg lést vorið 2026 ákvað Brynhildur að ljúka verkinu. Tilgangurinn er að varðveita sögu upphafs Hlíðavallar og þeirra fjölmörgu einstaklinga sem lögðu þar hönd á plóg. Engin heimildaskráning er fullkomin. Ef lesendur verða varir við villur eða geta bætt við upplýsingum tekur höfundur þeim ábendingum með þökkum.